



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 11. desember 2020

SFS2020120045

198. fundur

HG/hhg/hig

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi nýtingu útikennslustofa

Á 197. fundi skóla- og frístundaráðs, 8. desember 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hvaða skólar nýta sér útikennslustofur, hvernig þeir nýta þær, hvort þær eru nýttar skipulega í tilteknum námsgreinum og þá hvaða?

Svar:

Alls 38 grunnskólastjórar voru spurðir frá 29. september til 13. október 2020 í spurningavagni skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um notkun útikennslustofa.

Alls 17 skólastjórar af 38 svöruðu því neitandi að þeir hafi aðgang að útikennslustofu, en þeir svöruðu því til að þeir nýti útikennslu í námsgreinum skólans. Þeir eru með útinám að einhverju leyti í öllum námsgreinum, þeir samþætta útinám við ýmsar námsgreinar s.s. íslensku. Skólarnir eru með útinám í náttúrufræði, samfélagsfræði, íþróttum, textílmennt, lífsleikni og list- og verkgreinum sem dæmi um námsgreinar (sjá töflu 1). Þessir skólar nýta útikennslustofur með því að vera með Elliðaárdaga að vori, útinám í skilgreindum útivistartímum og með tvær kennslustundir í útinámi á viku.

Alls 21 skólastjóri svaraði því játandi að þeir hefðu aðgang að útikennslustofu, sem þeir nýta í ratleiki í stærðfræði, smíðjur, hringekjur, skilgreinda útivistartíma, íþróttatímar sem kenndir eru utanhúss að hausti og vori, í og skógarleikrit sem sett er upp á hverju ári. Ýmsar námsgreinar eru samþættaðar við útinámið og eru það náttúrufræði, samfélagsfræði, íþróttir, verk- og listgreinar, íslenska og stærðfræði. Einn skóli er ekki með útikennslu sem hluta af sínu skólastarfi (sjá töflu 1).

Engjaskóli og Fossvogsskóli nýta útikennslustofur í skilgreindum útivistartímum.

Laugarnesskóli er með 2 kennslustundir á viku í útinámi (sjá töflu 1).

Tafla 1. Niðurstöður frá grunnskólum í október 2020

Grunnskólar	Nýta útikennslustofur/haf a ekki aðgang	Hvernig er nýtingin?	Námsgreinar, hvaða?
Austurbæjarskóli	Já		Tengist list- og verkgreinum, náttúrugreinum, stærðfræði, íþróttum og samfélagsgreinum
Álftamýrarskóli	Já		
Árbæjarskóli	Já		náttúrufræði og samfélagsfræði
Ártúnsskóli	Já		sambætting námsgreina
Borgaskóli	Já	ratleikir í stærðfræði	sambætting námsgreina
Breiðagerðisskóli	nei	Elfiðadagur á vori	Öllum námsgreinum
Breiðholtsskóli	Já		
Brúarskóli	Já		blandað
Dalskóli	Já	í smiðjum	náttúrufræði og samfélagsfræði
Engjaskóli	Já	í skilgreindum útivistartímum	
Fellaskóli	nei		Samfélagsfræði, náttúrufræði, íþróttir
Foldaskóli	nei		Náttúrufræði, lífsleikni, stærðfræði
Fossvogsskóli	nei	Útinám í skilgreindum útivistartímum	
Grandaskóli	nei		Náttúrugreinar, samfélagsgreinar, íslenska og stærðfræði.
Hagaskóli	nei		
Hamraskóli	Já		öllum námsgreinum og eftir áhuga kennara
Háteigsskóli	nei		Textílmennt, tónlist og náttúrufræði.
Hlíðaskóli	nei		Náttúrufræði
Hólabrekkuskóli	nei		Skólaíþróttum, náttúrugreinum og samfélagsgreinum.
Húsaskóli	Já		Í íþróttum, hjá bekkjarkennara og í myndlist.
Hvassaleitisskóli	nei		Náttúrufræði og sambætting námsgreina í ísl.
Ingunnarskóli	Já	Íþróttir eru kenndar úti á hausti og vori	flestar námsgreinar
Klettaskóli	nei		List- og verkgreinar
Klébergsskóli	Já		Náttúrufræði og eitthvað í flestum námsgreinum
Langholtsskóli	Já		öllum námsgreinum
Laugalækjarskóli	nei		Íþróttum og náttúrufræði
Laugarnesskóli	nei	2 kennslustundir í útinámi á viku	
Melaskóli	Já		Sambætting námsgreina ss. samfélagsfræði, náttúrufræði, myndmennt og íslensku
Norðlingaskóli	Já	Í smiðjum 4 kennslugreinar á viku á yngsta og mið. Björnslundur er útikennslustofan	Samfélagsgreina, náttúrufræði, list- og verkgreina og íþróttir og oft blandast íslenska og stærðfræði inn í smiðjurnar líka.
Réttarholtsskóli	nei		Náttúrugreinum og íþróttum
Rimaskóli	Já	Hringekjunni og Skógarleikritið	heimilisfræði og sambætting námsgreina á miðstigi. Í náttúrufræði á unglingastigi.

Selásskóli	Já		Stærðfærði, skólasafni, íslensku, ensku og náttúrufræði
Seljaskóli	nei		Samfélagsfræði
Sæmundarskóli	Já		
Vesturbæjarskóli	nei		Samþætt við allar námsgreinar og lykilhæfni.
Víkurskóli	Já		nei, er ekki hluti af skólastarfi
Vogaskóli	nei		
Ölduselsskóli	Já		Náttúrufræði, stærðfræði, samfélagsfræði, íslensku, íþróttum